



Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1907-1927, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Halldór Bjarnason – Kvæði – Kimnisögur – Sig.
Guðmundsson á Strönd – Slysavarnafélag Íslands – Þjóðvinafélagið í Reykjavík – Íslandsbanki –
Andvari – Orðabókarmál Íslendinga – Jóhannes L. L. Jóhannsson – Vaxtamiðar – Skuldabréf – Afklippur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-11, Örk 3

Íslensk bóknámi

INNLÁNS VIÐSKIFTABÓK

Nr. 7502

VIÐ ÍSLANDS BANKA í Rvík.

Þjóðvinafjelagist

INNLÁNS VIÐSKIFTABÓK

M 7502

VIÐ

ÍSLANDS BANKA

REYKJAVÍK



REYKJAVÍK

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG

1911

BOK þessi, sem er að stærð 36 blað-
siður, löggildist hér með til að vera
viðskiftabók

Nº 7502

fyrir

innláni

við

Íslands banka
í Reykjavík.

Reykjavík, hinn 4. Januar 1915

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reglur um innlán.

Íslands banki tekur við fé til ávaxta sem innláni, þó eigi minni fjárhæð í senn en 1 kr. Vextir reikna-
st frá næsta virkum degi eftir að féð hesir verið lagt
inn. Vextir eru eftir samningi fyrst um sinn 4 %.
Bankanum er heimilf að breyta hinni umsömu vaxta-
hæð með eins mánaðar fyrirvara og skal það auglyst
i blaði því í Reykjavík, en flytur stjórnarvaldaauglys-
ingar. Vextir reiknast til 30. júni og 31. desember
fyrir það missiri, sem liðið er, og verða pá annað-
hvort útborgaðir eða lagðir við höfuðstól.

Ef höfuðstóllinn eða einhver hluti hans er borg-
aður út milli áðurnefndra gjalddaga, þá eru vextir
reiknaðir til næsta dags fyrir greiðsluna, sbr. þó það,
er síðar segir um tékkávisanir.

Innlánsfé má taka út, annaðhvort með því að sýna
viðskiftabókina í bankanum og skýra frá nafni því
eða merki, sem bókin hesir í bókum bankans, og verð-
ur hin greidda fjárhæð þá færð til útgjalda í við-
skiftabókina, ellegar með því að gefa tékkávisanir
(check) á bankann, og skal eingöngu til þess nota
eyðublöð i heftum, sem fást í bankanum fyrir 50
aura hvert. Ef innlánsfé er borgað út samkvæmt á-
visunum, þá eru fjárhæðir þeirra færðar til útgjalda
í viðskiftabókinni næsta skifti, þá er hún er sýnd í
bankanum; en vextir af ávisanafjárhæðum eru aðeins
reiknaðir til þess dags, er ávisanirnar eru gefnar út.

Innlánsseigandi má taka út úr innlánsviðskiftabók-
inni alt að 500 kr., skrifa

Fimm hundruð krónur

á dag án uppsagnarfrests; þó áskilur bankinn sér rétt
til, ef svo stendur á, að ákveða, að fjárhædir pær, er

innlánseigandi má taka út daglega án uppsagnarfrests, skuli vera lægri.

Innlánseigandi fær viðskiftabókina þá er tekið er á móti innláni i fyrsta sinni, og skal greiða fyrir hana 25 aura, þá er innlánsviðskiftunum er lokið. Þegar greidd er að fullu fjárhæð sú, sem stendur inni samkvæmt viðskiftareikningnum, skal ljúka reikningnum og skila viðskiftabókinni til bankans, er leggur hana við skjalasafn sitt. Þegar viðskiftabók er útskrifuð, skal einnig leggja hana við skjalasafn bankans, en fára reikningsfjárhæð hennar í nýja bók, er innlánseigandi fær ókeypis.

Bankinn áskilur sér rétt til að segja upp innlánsfé með 12 vikna fresti, og skal auglýsa uppsögnina í blaði því í Reykjavík, er birta skal í stjórnarvalda-auglýsingar. Eftir að uppsagnarfresturinn er liðinn, skal eigi reikna vexti af fénu.

Inn- og útborganir á innlánsfé skal fára inn í viðskiftabókina samkvæmt því er að framan segir, og skrifa undir starfsmenn þeir, er til þess hafa heimild. Er slik innritun fullgild sönnun fyrir rétttri greiðslu.

Ef eigandi pessarar viðskiftabókar hvorki leggur inn fé né tekur út hvort heldur er höfuðstól eða vexti 20 ár samfleyytt, getur bankinn skorað á eigandann, að sýna viðskiftabók sínar í bankanum innan 6 mánaða; skal það gert með auglýsingi í blaði því í Reykjavík, er birta skal í stjórnarvalda-auglýsingar. Ef eigandi ekki segir til sin innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingarinnar, er viðskiftabók hans ógild, en höfuðstóll og vextir verða eign bankans.

Framkvæmdarsjórn Íslands banka.

Klutafeið bankans: 3,000,000

krónur, svo og aðrar eignir

hans, eru til tryggingar inn-

lánum í Íslands banka.

Fjárhæð

	19/15		Kr.	a.
Jau.	4	Ím Eitt hundrad tuttega um skr. 50% Halla Þórtáus	V 129 50	
"	15	Ím: Fimmhundad og rjókr 12 aar Halla Þórtáus	V 507 12	
"	25	Ím Tvo hundruð og tætta fimm Króna Halla Þórtáus	V 275 -	
Febr.	5	Ím Eitt hundrad Halla Þórtáus	V 100 -	
"	27	Ím Eitt hundrad Halla Þórtáus	V 100 -	
		Flyt	V 111 62	

Fjárhæð

	19/15		Kr.	a.
Mars	3	Fluttar	V 111 62	
"	14	Ím: Fimmhundad sextrí og fimm kr. Halla Þórtáus	V 65 -	
April	14	Halla Þórtáus	V 676 62	
"	21	Íl. Þróuhundruð tuttegafimma Króna	300 -	
"	28	Halla Þórtáus	V 1376 62	
Mai	28	Íl. Þróuhundruð tuttegafimma Króna	325 -	
"	28	Halla Þórtáus	V 1051 62	
Juni	28	Ím þóra hundruð tætta Króna	V 310 -	
"	28	Halla Þórtáus	V 1361 62	
		Flyt	V 1293 45	

Fjárhæð

19 / 1 -

		Kr.	a.
	Fluttar	1293	45
Juni	30. M. Þjatíðin sjóður 8%	37	80
	Hálfan Gjörður	1255	65
	Næðir 3% - 15	22	72
		1278	37
Juli	1. M. Frimur hundardós Krona	500	
	Hálfan Gjörður	778	37
	Um Eitt hundrad sextán Kronur	116	-
	Hálfan Gjörður	894	37
	20. Fluttugukr 25	20	25
	Hálfan Gjörður	874	12
	Um Eithundrad Kronur	100	
	Hálfan Gjörður Flyt	974	12

Fjárhæð

19 / 1 -

		Kr.	a.
	Fluttar	974	12
Aug.	18. Í íþjatíðin fjarvarði Hálfan Gjörður	34	
	18. Í fíumundin fjarvarði Hálfan Gjörður	940	12
	21. Íll fluttugur ein kr. 6%	54	60
	Hálfan Gjörður	885	52
	21. Íll fluttugur ein kr. 6%	21	60
	Hálfan Gjörður	863	92
	27. Ím N in hundardós Hálfan Gjörður	900	-
	Hálfan Gjörður	1763	92
	28. Ári 59: Firkundadós og niðjan kr 04 an	1019	04
"	28. Ári 60: Þjatíðin og sjóð kr 50 an	744	88
"	28. Ári 60: Þjatíðin og sjóð kr 50 an	37	50
Sept	8. Ári 61: Óttatíðin og fjarvarði kr 20	707	38
	8. Ári 61: Óttatíðin og fjarvarði kr 20	84	20
		623	18
	15. Ári 62: Sextin og fjarvarði kr 80 an	64	80
	Hálfan Gjörður Flyt	558	38

1917		Kr.	a.
	Vestur 30/16-16	Fluttar	41 15
			23 69
	Nestur 30/12-16		4 72
Jan	25 Lær. til Sjósumundur	1000	1000 56
		P. Hafsteð	
Mary	9. Jan: Sjóhundurður	700	-
	glæsir	P. Hafsteð	
April	27 Þorpið í hundum	350	-
	Fingur til mi.		
	Willy Birket		
	Vestur 30/6-17	2946	
Juli	9. vi. Þriguhundurð	2149 02	
	Willy Hansen	400	
		Flyt	1789 02

Fjárhæð

19

Kr. | a.

Flyt

Fjárhæð

19

Kr. | a.

Fluttar

Flyt

Fjárhæð



19	Fluttar	Kr.	a.
	Flyt		

ANDVARI

TÍMARIT

HINS ÍSLENZKA ÞJÓDVINAFÉLAGS

FERTUGASTA OG *ferista* FJÓRÐA ÁR



REYKJAVÍK
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1910

Kostar í lausasölu

— 6 krónur.

Stjórn Þjóðvinafélagsins.

Forseti: Benedikt Sveinsson.
Varaforseti: Professor Eiríkur Briem.
Ritnefnd: Landlæknir Guðmundur Björnson.
Dr. Páll E. Ólason.
Skólastjóri Magnús Helgason.

Umboðsmenn og útsöläumenn félagsins.

Í Reykjavík:

Sigurður Kristjánsson bóksali, *aðalumboðsmaður félagsins*.
Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.
Ólafur Þorsteinsson í *Keflavík*.

Í Borgarfjarðarsýslu:

Sveinn Guðmundsson kaupmaður á Akranesi.

Í Mýrasýslu:

Jón Björnsson kaupmaður í Borgarnesi.

Í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:

Einar Vigfússon bakari í Stykkishólmí.

Í Barðastrandarsýslu:

Benedikt K. Benónisson á Vatneyri.

Hannes B. Stephensen á Bildudal.

Jón Ólafsson í Króksfjardarnesi.

Í Ísafjardarsýslu:

Guðmundesson bóksali í Ísafirði.

Í Ísafjardarsýslu á Pingeyri.

Pórður Pórðarson hreppstjóri á Suðureyri í Súgandafirði.

Í Strandasýslu:

Ingþór Björnsson á Ó-paksstöðum.

Sigurjón Sigurðsson bóksali í Hólmatík.

Í Húnavatnssýslu:

Fridfinnur Jónsson bóksali á Blönduósi.

Gísli Pálason á Æsustöðum.

Björn P. Blöndal á Hvammstanga.

Sigurður Pálason sst.

Í Skagafjarðarsýslu:

Kristján Blöndal kaupmaður á Sauðárkróki.
Vilhelm Eolundsson aðeofnari.

Í Eyjafjarðarsýslu:

Sigurður Sigurðsson bóksali á Akureyri.
Kristján Guðmundsson bóksali á Oddeyri.
Helgi Haflidason kaupmaður í Siglufirði.

Í Pingeyjarsýslu:

Pétur Jónsson alpingismaður á Gautlöndum.
Pórarinn Stefánsson bóksali í Húsavík.
Jón Björnsson kaupmaður í Pórshöfn.
Vilhjálmur Benediktsson í Sandfellshaga.

Í Norður-Múlasýslu:

Gunnlaugur Jónsson í Höfn í Bakkafirði.
Gunnlaugur Sigvaldason í Vopnafirði.

Pétur Jóhannsson bóksali í Seyðisfirði.

Pórðarson Jónsson alfr. Borgarfj.

Í Suður-Múlasýslu:

Stefán Stefánsson póstafréðslumaður í Eskifirði.

Halldór Brynjólfsson í Norðfirði.

Marteinn Þorsteinsson verzlunarstjóri í Fáskrúðsfirði.

Bjarni Birikeson verzlunarstjóri á Djúpavogi.

Í Skátafellssýslu:

Ari Hálfánarson á Fagurhólmseyri.

Halldór Jónsson umboðsmaður í Vík.

Í Rangárvallasýslu:

Guðmundur Þorbjarnarson á Stórahofí.

Sigurður Vigfússon á Brúnum.

Í Vestmannaeyjum:

Axel Bjarnason verzlunarstjóri.

Jón Sighvatsson bóksali.

Í Árnessýslu:

Sigurður Guðmundsson bóksali á Eyrarbakka.

Pórður Jónsson bóksali á Stokkseyri.

Í Kaupmannahöfn:

Jakob Gunnlaugsson stórkauður.



ANDVARI XLIV.
26

Orðabókarmál Íslendinga

Svo má segja, að tungumál einnar þjóðar auðkenni hana frá þeim þjóðum, sem annað mál tala. Má vel líkja málinu við hjartaslög. Ef hjartaslög einstaklinga þjóðarinnar veikjast eða breytast frá eðli sínu, þá eiga einstaklingarnir ekki langt eftir ólifað, og með dauða einstaklinganna deyr þjóðin út. Ef tungumál einnar þjóðar tekur stakkaskiftum þannig, að það gleypir í sig mikið af orðaforða annara þjóða, og breytir með því eðli sínu, þá má óhætt fullyrða, að þjóðin sje á grafarbakkanum, sem sú þjóð, er hún áður var. Þetta á sjer því fremur stað, sem þjóðin er smærri en nágrannaþjóðirnar. Og mest er hættan, ef þjóðin sjálf veit ekkert með vissu um orðaforða sinn — eða hve mikið hún á í

fórum sínum af gömlum og nýjum orðum.

Það má með fullum sanni segja þetta um íslensku þjóðina; hún veit ennþá ekki nándar nærrí hve auðug hún er að orðum. — Það eru að vísu til ýmsar orðabækur gamlar og nýjar, sem hafa að geyma mikinn fjölda íslenskra orða; en hvort tveggja er, að engin þeirra hefur inni að halda öll orð, sem til eru í íslensku máli, og það, þótt þær allar sje samanlagðar og hitt annað, að orðabækur þessar eru í fæstra höndum og sumar eigi nothæfar nema einstökum mönnum.

Það er takmark allra þjóða, að ná sem mestri fullkomnum á öllum sviðum. Eða að minsta kosti ætti svo að vera. Og ber þá engu síður að leggja áherslu á andlega framþróun og fullkomnum, en hina líkamlegu. Andlega framþróun einnar þjóðar, má einna gleggst marka af málfari hennar eða tungumáli. En svo best

varðveitist tungumálið, að þjóðin, sem það notar, þekki það til hlítar; og það getur alls ekki orðið nema hún eigi greiðan aðgang að orðaforða sínum á einum stað — í samfeldri orðabók. Þetta hafa líka nágrannabjóðir okkar sjéð og eru nú sem óðast að koma orðabókamálum tungna sinna í rjett horf, eftir því, sem geta leyfir, og þykir sómi þeirra að meiri fyrir bragðið.

Vjer Íslendingar erum taldir fullvalda þjóð. Og vjer eigum vort eigið mál — tungumál, sem allir, er kunna, dásama fyrir sakir fegurðar og fullkomunrar — nema Íslendingar sjálfir, ef dæma skyldi eftir því, hve seinlátir þeir eru, að safna orðaforða sínum í eina heild.

Það er nú í nokkur ár búið að veita úr ríkissjóði ofurlitla fjárhæð árlega til þess að safna orðum til væntanlegrar íslenskrar orðabókar, vísindalegrar. En það er eins og alt er að því lýtur, sje

gjört algjörlega utan við sig og með hangandi hendi. Það eru veittar fáeinarr þúsundir árlega til þess, að safna íslenskum orðum úr prentuðum ritum íslenskum, auk nokkurrar upphæðar til orðasöfnunar úr daglegu máli. En þar á móti eru veittir tugir þúsunda af krónum til skálða, listamanna o. fl. manna, sem lítið vinna sjer eða landi sínu til frægðar eða frama — sumir hverir — því að ekki lifir þjóðerni vort til langframa á missjöfnum málverkum, leikaraskap, eða kveðskap. Eða hvað væri nú orðið úr íslensku þjóðerni, ef tungan hefði truflast og aflagast eins og danskan, norskan og sænskan, jafnvel þótt Eddukvæðin og aðrar fornþókmentir vorar væri til? Tungan — íslenskan — væri horfin, íslenskt þjóðerni horfið og allar fornþókmentirnar stæði þá svo sem fagur og undraverður minnisvarði þess þjóðernis, sem einu sinni var. Það er tungan, sem að

miklu leyti skapar og viðheldur þjóðerninu. Og það er heilög skylda hverrar þjóðar, að geyma tungunnar sem hins mesta dýrgrips síns og varðveita hana sem óbrjálaðasta og ómengaðasta öðrum tungumálum, svo sem kostur er á. Og hvílir sú skylda hvað þyngst á oss Íslendingum, vegna þess, að oss hefur tekist — þrátt fyrir alt, að geyma tungu vora nær því ómengaða í liðug þúsund ár. En jeg hygg, að engin núlifandi menningarþjóð á jörðu hjer geti talið sjer slíkt til gildis.

Jeg sagði fyr, að mjer virtist svo sem hæstvirt Alþingi sinti orðabókarmálinu með hangandi hendi og tilfærði sem sönnun þess, að ekki ætti að verja til þess á árinu 1927 nema nokkurmum þúsundum króna, eða samtals kr. 8.400.00.

Par á móti er varið í sömu fjárlögum (1927) til ýmsra lista- og bókmenta annara um 117.750

kr., s. s. til hljómlistar, leiklistar og málara og til alþingissögu (sem enginn veit hvað líður), eða til ýmsra embættismanna, sem að auki hafa sín fullkomnu laun. Eru þó ótaldir fjöldar margir póstar til útgjalda sem styrktarfje, sem nema mörgum tugum þúsunda. En þessi nefnda upphæð er liðlega 14 sinnum hærri en allur styrkurinn, sem veittur er til hinnar væntanlegu íslensku orðabókar. Og hefi jeg leyft mjer að tilfæra ofangreinda liði að eins til þess, að sýna fram á hve afskaplega orðabókarmálið er haft útundan.

En þetta má eigi svo til ganga lengur. Það verður að hefjast handa í orðabókarmálínu. Það má vel vera, að leikaraskapur, hljómlistarnám og söngur o. fl. o. fl., sem styrkur er veittur til, sje nauðsynlegt íslensku þjóðerni; en jeg efast um, að nokkruð af þessu, sem upp er talið sje jafnnauðsynlegt íslensku þjóð-

erni og fullkommen íslensk orðabók.

Til landmælinga á að verja á árinu 1927 45 þúsund krónum. Verður eigi annað sagt en að því fje sje vel varið. Enda er það metnaðarmál hinni íslensku þjóð, að því starfi sje lokið sem allra fyrst. En engu minna metnaðarmál ætti það að vera íslensku þjóðerni, að fá fullkomna orðabók yfir sitt eigið tungumál — það tungumál, sem ekki er óliklegt til mikillar útbreiðslu þá er stundir liða.

Til þess að hrinda máli þessu áfram og leiða það til skjótra og farsælla lykta, hafa mjer hugkvæmst þessar tillögur:

1. Árlega sje varið af ríkisfje, að minsta kosti 45 þús. krónum, til væntanlegrar, fullkominnar íslenskrar orðabókar, með íslenskum þýðingum, og sje hún að öðru leyti úr garði gjörð með svipuðu móti og samskonar orðabækur eru á meðal útlendra menningarþjóða (eins og líka

prentaða skipulagsskráin frá 1920 gerir ráð fyrir).

2. Einn sje aðalmaður, sem hafi á hendi umsjón orðasöfnunarinnar; veiti orðamiðum frá safnendum móttöku, raði þeim og ákveði hver rit hver safnandi skuli orðtaka. Þessi skulu vera aðalverk hans; en þess utan skal hann orðtaka rit, eftir því sem tími leyfir. Til þessa yfirstjórnarverks sje varið árlega 10 þús. krónum og er þá ætlast til að aðalmaður greiði hjálparmanni eða mönum þóknun af því fje, eftir samkomulagi.

3. Fengnir sje 15 safnendur, hver með 2 þús. kr. þóknun, til þess að orðtaka íslensk rit, forn og ný, eftir niðurskipun, sem aðalmaður ákveður. Hver þessara 15 manna skili árlega þeim orðaforða, sem aðalmaður og hjálparmann hans í Reykjavík telja sæmilegan að fjölda og gæðum. Kosta safnendur sjálfir pappír undir miðana, pennu og

blek og sendingu miðanna til aðalmanns.

4. Til að safna orðum úr alþýðumáli sje varið árlega 2 þús. krónum og takist sú upphæð af framannefndum 45 þús. krónum. Miðarnir frá þeim manni eða mönnum, er safna slíkum talmálsorðum, skulu og sendir aðalmanni verksins.

5. Rit þau, er safnendur orðtaka, skal ríkið leggja til að láni, ef safnendur eiga þau ekki sjálfir; og kosti ríkið flutning ritanna frá og til Rvíkur; en í Reykjavík skulu safnendur sjálfir annast um flutning ritanna til sín og frá sjer aftur.

Væri þessum tillögum fylgt og framkvæmd yrði góð, myndi safnast á ári margir tugir þús. af orðum. En nú má gera ráð fyrir að margir orðtakar rituðu sömu orðin, að minsta kosti fyrst í stað. Þó mætti koma í veg fyrir þetta, að miklu leyti með því, að aðalmaður skipi svo fyrir að

öll þau orð sem finnast í orðabók S. Blöndals sjeu eigi tekin á miða, nema þar sem einhverja merkingu orðsins vantar í þeirri bók. Með þessu móti má allmikið komast hjá mörgum endurteknингum og óþörfum miðafjölda.

Gjörum nú ráð fyrir, að nokkuð margt orðanna sje tví- eða margtalið. En samt ættu þarflegir orðaseðlar að verða svo margir, að eitthvað um 50 þúsundir orða bættust safninu árlega. Er þá gert ráð fyrir, að orðaforði allra fornmáls orðabókanna sje líka tíndur upp á miða og tilvitnanir lagaðar eftir nýjustu fornritautgáfum. En það mun verða mikil vinna. Þrátt fyrir það ætti þó t. d. á 8 árum, að vera búið að safna geysimiklum orðafjölda; þykir mjer trúlegt, að íslensk tunga sje eigi orðfleiri nú sem stendur en það, að slík vinnubrögð yrðu alveg fullnægjandi, þótt bæði fornmál og nýmál, ljóðmál og lesmál sje í bókinu tekið. Mundi þá orðsöfnunin

kosta ríkið alls 45 þús. × 8, eða 360 þús. krónur. Getur það ekki há upphæð talist, þegar hún er borin saman við hinarr ýmsu upphæðir, sem jeg hef tilgreint úr fjárlögnum 1927. Og í þessu máli er þó óhætt að segja, að ríkið fái þó nokkuð fyrir snúð inn, því að það á þó alt orðasafnið. Setjum ennfr. svo, að undirbúningur undir prentun, pappír, prófarkalestur o. s. frv., kosti alt að 100 þús. krónur — þá kemur orðabókin fullbúin upp á 460 þús. krónur, og það eftir svo sem 10 ár eða 12.

Stjórn og alþingismenn!

Jeg leyfi mjer að benda því til yðar, að þjer takið orðabókmálið til rækilegrar og alvarlegrar athugunar. Og jeg vona að þjer sjáið nauðsyn þessa máls og enn fremur að þjer sjáið sóma íslensku þjóðarinnar og íslenska ríkisins í því, að málinu sje hrundið áleiðis nú þegar, annaðhvort með heim hætti, er jeg hef bent á, í línum þessum, eða

þá með öðrum öruggari og hraðstígari ráðum.

Hraunum í des. 1926.

Guðmundur Davíðsson.

Áréttung.

Í sambandi við þessa snjöllu og ágætu ritgerð Guðmundar hreppstjóra Davíðssonar á Hraunm í Skagafirði vil ég koma með ofurlítinn viðbæti og áréttingu til stuðning's þessu merkilega málefni, enda munu menn telja það mér skyldast og svo ætti ég að vera því flestum fremur kunnugur.

Ritgerð herra Guðmundar sýnir inn feiknarmikla áhuga og rétta skilning þesa ágæta fræðimanns á því, hvifliskt nauðsynjamál þetta er, auk þess þjóðmetnaðar, sem í því er fólginn. Þá má heldur eigi gleyma því vísindalega stórgagni, sem slík orðabók hlýtur að gera. Eg hefi skrifad nokkrum mönnum víðsvegar um landið, til þess að afla málinu

fylgis og verklegs liðsinnis af starfsemi sjálfboðaliða, en hjá engum manni mætt slíkum áhuga, sem honum, og þar að auki hefir hann sent mér talsvert af orðaseðlum úr ritum, sem hann hefir orðtekið. Það er alveg ómótmælanlegt, að engin þjóð í heimi á tungu sinni jafnmikið að þakka sem vér Íslendingar, því að á henni byggist viðhald þjóðernis vors og allrar menningar og sömuleiðis tilveruréttur vor sem sjálfstæðs ríkis. Af varðveislu þjóðarinnar á málinu og þeim ódauðlegu ritverkum, sem á tungunni eru rituð, að fornu og nýju, stafar öll sú virðing, sem vér njótum meðal allra menningaráþjóða veraldarinnar.

Mál þetta horfir nú þannig við, að vér Íslendingar, sjálf bókmenntaþjóðin, eigum alls enga orðabók yfir mál vort, hvorki að fornu né nýju né þar í miðið. Þetta er hreint eigi vansalaust fyrir oss, en auk þess er það mikill skaði bæði vísindalega og

verklega. Enskumælandi þjóðir eiga svo sem kunnugt er, góða orðabók yfir íslenzka formálið og sömuleiðis Norðurlandabúar. Einnig hafa Danir nú eignast góða orðabók yfir íslenzka nýmálið, en allar þessar bækur þýða orðin á tilsvarandi erlend tungumál og eru því nothæfar vísindamönnum einum og svo landsbúum heim, er tungurnar tala. Allt þetta er íslenzkum almenningi yfirleitt ónothæft. Oss vantar vísindalega orðabók yfir gervallt mál vort með íslenzkum útskýringum. Petta er það eina sem dugir oss og það eitt er samboðið ágæti tungu vorrar. Þá er slik bók væri fengin er fyrst unnt að semja nýtilegar handorðabækur.

Gæta verður líka þess, að það er skylda vor sem sérstæðrar þjóðar, að leggja fram skerf vorn til eflingar fræðalifi gotneskra þjóða, einkum þó norðrænum vísindum, en umfram allt öllu því, sem íslenzkt er. Allar þjóðir af

kynstofni vorum leggja þar fram veglegar fórnir, sem oss koma að notum engu síður, en sjálfum heim og því er það vanvirða að láta aðra gera þar allt fyrir sig, til glæðingar kunnáttu í inum helga arfi frá forfeðruminum í máli og menningu. Margt íslenzkra fræða er og þannig lagað (þar að auki), að þar verður aldrei neitt gert nema vér gerum það sjálfir. Þannig hefir það reynzt um rannsóknir á náttúru landsins og sögu þjóðarinnar, en öldungis sama verður reyndin með tungumál vort, að undanskildu sjálfu formálínu (sem eiginlega er minna um vert fyrir oss, en sumt af því, sem yngra er). Útlendingarnir hafa (með öflugri hjálp íslenzkra vísindamanna í erlendri þjónustu) lagt þessa miklu rækt við fornálið vort, af því að þeir eru þá um leið að vinna fyrir sjálfa sig, en eigi getur það náð til þess, er síðari öldum kemur við, þótt það sé að mörgu leyti mikils-

verðara fyrir oss. Vér megum alls eigi búast við að aðrir vinni þar verkin fyrir oss, heldur verðum vér að gera þau sjálfir, ef þau eru eigi látin ógerð liggja.

Úr því nú að stofnað var til þessarar vísindalegu orðabókar á alþingi 1917 og allir bjuggust við, að þeirri ályktun fylgdi fyllsta alvara, þá er hér eiginlega ekkert heiðarlegt undanfæri. Og úr því að þing og stjórn síðar heimtuðu að skipulagsskrá og sýnishorn væri samið fyrir verk þetta og það rit svo sent vísindamönnum víða um lönd heimsins til auglýsingar og umsagnar, þá er það beinn þjóðarósómi, að ekkert verði úr þessu verki, eða því sinnt með svo hangandi hendi, að hégómamál verði úr öllu saman. Að þessu ætti valdhafarnir vel að gæta. —

Pótt ég sé inum áhugasama ágætismanni, Guðmundi Davíðssyni, yfirleitt samdóma um flest í inni framanskráðu ritgerð, þá verð ég samt að gera athuga-

semd við mál hans, einkum þó um 3. liðinn í tillögum hans um starfið.

Það er vitanlega gott og sjálf sagt að hafa hjálparsafnendur viðsvegar um landið og þeir þurfa helzt að vera fleiri en höfgerir ráð fyrir. Sumir þeirra myndi eflaust vinna eitthvað án borgunar, þegar um smávægilega orðtöku væri að ræða, en þeir sem vinna í nokkuð stórum stíl þurfa eðlilega að fá borgun. En það hlyti að verða afaróhentugt að höfuðstarfið við slíkt verk væri á dreifingu meðal 15 manna viðsvegar um landið. Þeir myndi, flestir, sjaldan, eða aldrei geta fundizt til að ráðfæra sig að gagni hver við annan, en allt slíkt gengur mjög stirðlega með eintóum bréfum og það eins þótt yfirmaðurinn væri í Reykjavík. Svo sem hjá öðrum þjóðum, verður verður þetta að gerast á einum stað, þar sem flest bókasöfn og tæki eru fyrir hendi. Við þetta verk þarf að

setja upp skrifstofu með ljósi og hita undir einum duglegum forstöðumanni, vel hæfum og helzt nokkuð ungum og svo fjórum hjálparmönnum. — Mestur vandinn er að velja vel forstöðumanninn, því að þar er á svo margt að líta, en hinir þurfa eigi allir að vera útlærðir málfræðingar, heldur gæti vel dugað, að tveir af þeim (auk forstöðumanns) væri málfræðingar, en hinir tveir einungis leiknir skrifstofumenn. Eftir þeim langa tíma og mikla mannafla, sem aðrar þjóðir hafa þurft við slík verk sem þetta, þá má búast við (þrátt fyrir það, sem búið er að gera af ýmsum), að vér komumst eigi af með minna, en slíka fasta 5 manna nefnd í 15 ár, þar sem mennirnir störfuðu ekki að neinu öðru en þessu verki. Skrifstofan þarf að hafa gott safn af hjálparritum og bókasöfnin og ríkið að leggja til þau rit, sem orðtaka þarf, ef starfsmenn eiga þau eigi sjálfir.

Nauðsynlegt væri að forstöðumaðurinn færi utan um missiris-tíma, til þess að kynna sér vel aðferðina við þessu lík verk með öðrum þjóðum og virðist mér þá að heillavænlegust myndi verða að leita til Íslandsvinarins W. A. Craigie, professors í Chicago, sem nú starfar þar að ameríksku orðabókinni, eftir að hafa lokið við ina miklu ensku orðabók í Öxnafurðu. Vitanlega mætti maðurinn eigi vera sa gapi að ætla sér að sníða þetta allt hjá oss, eftir auð og oflæti Eng-lendinga og Bandríkinga, enda myndi Cragie hafa vit á að benda á það. Sjálfur hefi ég sótt um utanfararstyrk til Dan-merkur í þessu skyni, en jafnan fengið þau svör hjá ríkisstjórni-nni að hana vantaði í fjárlögum um heimild til þess að veita slíkt. En hvað sem því liður myndi það ráðlegt vera, að for-stöðumaðurinn eða einhver af væntanlegum starfsmönnum við verkið, kynntist líka hjá mér öllu

fyrirkomulaginu við orðtökuna o. fl. því að allra hérlendra manna mun ég þessum efnunum einna kunnugastur, en slæmt að sá, sem við tekur eftir mig, viti ekkiert um tilhögunina hjá mér, þótt hún sé, eftir því sem allt er í pottinn búið, eðlilega að ýmsu leyti ófullkomin.

Pessari kröfu um sérstaka skrifstofu, þar sem unnt er að hafa fullt vinnunæði og nota söfnin eftir vild, hefði átt að hafa gegnt verið fyrir löngu, samkvæmt þrábeidiðni minni og það eins þótt um mig einan væri að tala, en því fremur ef um hóp manna verður að ræða. Þá fyrst verður hægt að hafa fullkomna stjórn á þessu vandaverki. Þetta er heldur eigi nema smávægilegur kostnaður í líkingu við það, sem nú á sér stað um hagstofu, efnarannsóknarstofu, veðurfræðastofu o. fl. Sumir kunna, viðbúið, að segja þær séu enn ómissanlegri, sökum þess að viðfangsefni þeirra snerta meira líkamsþarf-

irnar, en þeir miklu menn mega eigi gleyma því, að mennirnir lifa eigi af einu saman brauði og því verður líka að leggja rækt við andaþarfirnar í listum og vísingum. Þessi stofnun hefir líka mjög endanlega tilvist og tilkostnað í för með sér, þar sem hún starfar aðeins um ákveðið áraskeið, sem er næsta ólikt hinnum stofnununum, er starfa skulu ótakmarkaða tíð. Samkvæmt öllu því, er ég hefi nú sagt, geri ég ráð fyrir að tilkostnaðurinn (auk eðlilegrar dýrtíðaruppbótar) myndi verða þessi árlega:

Forstöðumaðurinn hefir 4000 kr.

Tveir aðstoðarmenn

(hvor 3500 kr.) .. 7000 —

Hinir 2 hvor 3000 kr.) 6000 —

Kostnaður við skrif-

stofuna (húsal. o. fl.) 3000 —

Fyrir ýmsa hjálp út

um land (þar á með-

al orðasöfnun úr tal-

máli)

4000 —

Það verður alls á ári 24000 kr.

Þetta í 15 ár gerir
 24000 sinnum 15,
 það er alls . . . 360000 kr.
 Gerum svo ráð fyrir,
 að útgáfan sjálf
 (sem fullbúin ætti
 að vera á þessum
 tíma) myndi kosta
 um 120000 kr.

þá verður heildin alls 480000 kr.
 sem fer mjög nærrí áætlun Guð-
 mundar hreppstjóra; að minnsta
 gerir breytingartillaga mín enga
 stórbreytingu á útgjöldunum.

Ég hefi hvað eftir annað farið
 fram á það við ríkisstjórnina (þó
 eigi síðan í fyrra veturn) að fá
 sérstaka skrifstofu, þar sem ég
 hefði fullkomið starfsnæði, svo
 að full not yrði að vinnu minni
 og því fé sem fyrir hana er
 borgað, en ég fékk jafnan neit-
 anda svar, sem illt er afspurnar
 og sýnir ofmikið áhugaleysi um
 málið. Þar sem ég er einn við
 starfið, hefði vel dugað (og verið
 bezt) einhver smákompa í

Safnhúsini, en þótt þetta hefði
 einkarhentugt verið og kostnað-
 arlaust, þá var viðkvæðið ávalt
 að slíkt herbergi væri þar eigi
 til, laust og liðugt. Mig hefir nfl.
 sárlangað til að geta orðtekið
 fornar prentbækur frá 16. og 17.
 öld, sem gefnar voru út á Hólum,
 í Skálholti og erlendis, sem ein-
 ungis eru til á söfnum, en vit-
 anlega fást eigi léðar heim til
 einstakra manna í óeldtraust hý-
 býli. Þótt mér hafi þótt það
 leitt hefi ég orðið að láta þetta
 ógert, því að við slík verk er
 eigi hægt að vera í lestrarsal innan
 um sæg af ýmsum fólk. Úr
 þessum gömlu ritum er bráð-
 nauðsynlegt að tína orð og er
 þar mikil verk áunnið. Þetta er
 einnig eitt dæmi um það, hvað
 gera þarf, en þau eru mörg fleiri.

Vér, sem skiljum hve mikil-
 vægt hjóðþrifamál þetta er, get-
 um eigi annað en skorað enn á
 ný fastlega á þing og stjórn að
 fara nú að sinna þessu máli með
 fullum áhuga og alvöru. Áhuga-

leysið verður þjóðinni til skaða og minnkunar. Þótt fátækt vor Íslendinga sé víða illur þröskuldur á vegi fyrir oss, þá er hún þó eigi svo mikil, að þetta orðabókarfyrirtæki sé óframkvæmanlegt, ef landstjórnin hefði sterkan vilja á því og reyndi af alefli að knýja alþingi þar til áhuga og fylgis. Málið hefir og hingað til verið svo lánsamt, að vera ekkert flokksmál. Það er einungis einn þingmaður (Jónas frá Hriflu), sem hefir ávallt verið að áreyta mig, en það er alveg persónuleg óvild, sem flokkarnir hafa að engu haft. Það líður nú óðum á lífdag minn, en þetta verk má hvorki hætta fyrir því þótt ég hverfi af taflborðinu né heldur hanga uppi með káki, heldur þarf að snúa sér að því með alúð. Þetta verk borgar sig líka afarvel fyrir íslensku þjóðina. Þetta er aðeins eitt stórbrúar verð.

Í febrúar 1927.

Jóhannes L. L. Jóhannsson.

M 155

Vaxtamiði

19.

við 500 kr. skuldabréf gefið út af veðdeild landsbanka Íslands í Reykjavík.

3. flokkur (Serie) $4\frac{1}{2}$ % 11 kr. 25 aur.
Litr. B. 2. janúar 1919.

Gagn afhending vaxtamiða þessa greiðir veðdeild landsbanka Íslands í Reykjavík $\frac{1}{2}$ árs vextli af 500 kr. til 2. janúar 1919:

Ellesu krónur og 25 aura.

Fryggvi Gunnarsson

•61

M 155

Vaxtamiði

18.

við 500 kr. skuldabréf gefið út af veðdeild landsbanka Íslands í Reykjavík.

3. flokkur (Serie) $4\frac{1}{2}$ % 11 kr. 25 aur.
Litr. B. 1. júlí 1918.

Gagn afhending vaxtamiða þessa greiðir veðdeild landsbanka Íslands í Reykjavík $\frac{1}{2}$ árs vextli af 500 kr. til 1. júlí 1918:

Ellesu krónur og 25 aura.

Einkaskjá Þjóðvarðar Þjóðvarðar

•81

M 43

Vaxtamiði

19.

við 500 kr. skuldabréf gefið út af veðdeild landsbanka Íslands í Reykjavík.

3. flokkur (Serie) $4\frac{1}{2}$ % 11 kr. 25 aur.
Litr. B. 2. janúar 1919.

Gagn afhending vaxtamiða þessa greiðir veðdeild landsbanka Íslands í Reykjavík $\frac{1}{2}$ árs vextli af 500 kr. til 2. janúar 1919:

Ellesu krónur og 25 aura.

Fryggvi Gunnarsson

•61

M 43

Vaxtamiði

18.

við 500 kr. skuldabréf gefið út af veðdeild landsbanka Íslands í Reykjavík.

3. flokkur (Serie) $4\frac{1}{2}$ % 11 kr. 25 aur.
Litr. B. 1. júlí 1918.

Gagn afhending vaxtamiða þessa greiðir veðdeild landsbanka Íslands í Reykjavík $\frac{1}{2}$ árs vextli af 500 kr. til 1. júlí 1918:

Ellesu krónur og 25 aura.

Fryggvi Gunnarsson

•81

Einkaskjá Þjóðvarðar Þjóðvarðar

Eyðna Benedikssonar © Borgarsjóð Íslands

KUPON

til Obligation udstedt af Hypotekafdelingen i Islands Landsbank i Reykjavik.

$\frac{1}{2}$ Aars Rente af 500 Kr. til 2. Januar 1919.

$4\frac{1}{2}$ p.Ct. II Kr. 25 Øre.

Betalbar hos Den danske Landmandsbank,
Hypotek- og Vekselsbank i København.

KUPON

til Obligation udstedt af Hypotekafdelingen i Islands Landsbank i Reykjavik.

$\frac{1}{2}$ Aars Rente af 500 Kr. til 1. Juli 1918.

$4\frac{1}{2}$ p.Ct. II Kr. 25 Øre.

Betalbar hos Den danske Landmandsbank,
Hypotek- og Vekselsbank i København.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

KUPON

til Obligation udstedt af Hypotekafdelingen i Islands Landsbank i Reykjavik.

$\frac{1}{2}$ Aars Rente af 500 Kr. til 2. Januar 1919.

$4\frac{1}{2}$ p.Ct. II Kr. 25 Øre.

Betalbar hos Den danske Landmandsbank,
Hypotek- og Vekselsbank i København.

KUPON

til Obligation udstedt af Hypotekafdelingen i Islands Landsbank i Reykjavik.

$\frac{1}{2}$ Aars Rente af 500 Kr. til 1. Juli 1918.

$4\frac{1}{2}$ p.Ct. II Kr. 25 Øre.

Betalbar hos Den danske Landmandsbank,
Hypotek- og Vekselsbank i København.

12000 — 11. — '15

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

103 kr. 60 a.

Nafn sendanda og heimili:

Hugine.

Sæingimundur

Ljúpaney.

Bókháli

David Eiríksson

Eález

Brettsfithi

hinn 13/3 1919

12000 — 11. — '15

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

59 kr. 20 a.

Nafn sendanda og heimili:

Félix 19/1

Jón

Pál

David

Eiríksson

Eález

Brettsfithi

hinn 29 jan 1919

12000 — 11. — '15

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

70 kr. 40 a.

Nafn sendanda og heimili:

Mjörn P. Bláudda

Hraunmástauga

Pál

Eález

Brettsfithi

hinn 19

12000 — 11. — '15

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

10 kr. 80 a.

Nafn sendanda og heimili:

Jón Kristján

Óðalur

Pál

Jón

hinn 14 JAN 1919

12000 — 11. — '15

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

140 kr. 00 a.

Nafn sendanda og heimili:

Félix 19/1

Jón

Língor

Óður

Hólmavík

hinn 10-1- 1919

12000 — 11. — '15

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

175 kr. 20 a.

Nafn sendanda og heimili:

Jón Stefáns

Óður

Pál

Jón

hinn 12/3 1919

12000 — 11. — '15

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

99 kr. 80 a.

Nafn sendanda og heimili:

Bónaverzlin

Síjurðar

Gudmundur

Egðabækki

11/3

Jón

hinn 19

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

56 kr. 00 a.

Nafn sendanda og heimili:

Bóðvar

Þóraldsson

Kaupum

Akranesi

1921-19/1-21.

Tekin 19/1-21.

B.S.

Hinn 19

20000 — 5. — '18

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

60 kr. 4 a.

Nafn sendanda og heimili:

Guðrún

Sæingimundur

Ju.

hinn 16/1 1920

20000 — 5. — '18

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

120 kr. 35 a.

Nafn sendanda og heimili:

St. Stefáns

Óður

Brettsfithi

hinn 19

20000 — 5. — '18

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

87 kr. 60 a.

Nafn sendanda og heimili:

Haraldur

Brýnjólfss

Nörfurði

hinn 27/10 1920

20000 — 5. — '18

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

200 kr. 00 a.

Nafn sendanda og heimili:

Péliur

Jóhannsdóttir

Sigríður

hinn 13 desbr. 1920

12000 — 11. — '15

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

11 kr. 90 a.

Nafn sendanda og heimili:

Halgi Hallidason

Sigríðard.

11/3

Jón

hinn 26/2 1920

3000 — 6. — '20

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

56 kr. 00 a.

Nafn sendanda og heimili:

Bóðvar

Þóraldsson

Kaupum

Akranesi

1/2 21.

Tekin 16/3 21.

B.S.

hinn 19

3000 — 6. — '20

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá þegar hann tekur við borgun).

Kr. 5.00

Viðtakandi

póstkröfusendingarnar

Viglundur

þergrimsa

Krossi

M.

hinn 9/3

Hinn 19

8200 — 10. — '12]

Afklippingur,

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir).

154 kr. 20 a.

Nafn sendanda og heimili:

Jón. Þegfin

Húsavík

Agr. í Kálar

17/2 21.

Mort. 14/3 '21

B.S.

hinn 19

20000 — 5. — '18

Afklippingur

(sem viðtakandi má klippa frá og halda eftir)

10 kr. 80 a.

Nafn sendanda og heimili:

Jón Kristján

Óður

Kont. Í Róð

12/18 - 1920

hinn 19

Hellugarns
10 1/2

Stattuvis. denn
væld tyg myri

20 kr. til Úlfusvægi. 9/12
Komm og spáni his annar vi
at vinnustu með velli og íslit.

Breyf fyrir 35 cent. ár. 1919 netto Kr. 63. ~
og 45 almanoth 1/50
Bokur i lausvægi f.a.
~ 3. 35
120.35

Væld unding. Okkar
mei vorn 40 kr. ár. 1919
og 100 alman. i lausvægi f.a.
120.35

Næstu andvindur. bokur þeim
er og besti nelt fyrir felagssid
árin 1918. Fostur þar er og lík
sethust allan. Vindum og til
Minn. Þauður

Burðargjald
undir
póstkröfur innanlands.

Fyrir upphaf ælt af	kr	aur.
	25	25
	100	40
	200	55
	300	70
	400	85
	500	100
	600	115
	700	130
	800	145
	900	160
	1000	175

Fyrir Almanack. Þauður

Fyrir sall 100 Almanoth

og 11 Bokstær

Mr. alpm.

Benedikt Ólafsson

Reykjavík

~~Jóhann Sigurðsson
líður at kaupi velli óxítil með
magni sinni, 750 kr. offrakst~~

~~H. Þorvaldsson~~

~~9. febr. 1903. Vesturbæ
Háskólinn viðskuldi H. A.
1907.~~

